

Hverfisráð Hríseyjar

106. fundur

Fimmtudaginn 23. mars 2017 kl 10:00 var haldinn 106. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag

Að mati hverfisráðs þyrfti að bæta eftirfarandi inn í deiliskipulagið:

Sjósundsvæðið: Bæta þyrfti við klefum, heitum pottum og auk þess gangstétt að sundlauginni.

Ferjubryggja: Stækka þyrfti geymslusvæðið fyrir reiðhjól og barnavagna, en auk þess ætti að bæta við göngustig við Ægisgötu.

Portið: Þörf er á malbikun undir gámana.

2. Fræðsluráð

Hverfisráð þakkar fyrir fljót viðbrögð og óskar jafnframt eftir því að geta fylgst með útfærslu fyrirkomulags þjónustunnar.

3. Ósvöruð mál

Eftirfarandi mál, sem hverfisráð hefur lagt fram, eru enn ósvöruð:

- Aðstöðuhúsið á Árskógssandi: Húsið er ekki komið í notkun, það er enginn sem sinnir opnun og lokun þess, húsið er óhreint, og það vantar sápu og pappír í það. Auk þess er húsið ómerkt, sem veldur að aðkomufólk áttar sig ekki á að um aðstöðuhús sé að ræða.
- Austurvegur: Vegurinn er í slæmu ásigkomulagi, og brýn þörf er að laga hann.
- Vegrið við Hjallaveg: Ennþá vantar vegrið við Hjallaveg til að koma í veg fyrir að stórslys verði við veginn.
- Gönguleiðir/merkingar: Ekki er búið að svara erindi Hverfisráðs varðandi fyrirhugaða endurhönnun á skiltum vegna gönguleiða.

4. Laxeldi í Eyjafirði

Að mati hverfisráðs ætti ekki að gefa leyfi fyrir laxeldi í Eyjafirði fyrr en öllum rannsóknum er lokið. Margir íbúar Hríseyjar óska eftir að fá betri upplýsingar um verkefnið. Umhverfisáhrifin geta verið margföld, og Hríseyingar óttast meðal annars að laxeldi gæti haft áhrif á æðarvarp. Í Eyjafirði er búið að byggja upp ferðaþjónustu sem tengist hvalaskoðun, og ekki er vitað hvaða áhrif laxeldi hefur á ferðir hvala.

5. Önnur mál

Ketill Guðmundsson, áhugamaður um þaravinnslu, hafði samband við Þorgeir Jónsson. Ætlar hann að koma til Hríseyjar og kynna verkefnið fyrir íbúum eyjarinnar.

Í ljósi þess að harðfisksverkunin Hvammsfiskur ehf. er til sölu óskar hverfisráð að starfsemin haldi áfram í eyjunni.

Auk þess er óljóst hvað verður um Eyfar ehf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 11:40.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.